

## 6. gr.

56

Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

Þeir menn, sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkv. l. nr. 104 23. júlí 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, eru 35 ára, hafa verið skipstjórar eða stýrimenn á skipi yfir 30 rúmlestir í 5 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn á skipi allt að 85 rúmlestum.

## 13. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr. l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

57

um gjald af söluverði fisks erlendis.

3. marz

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í rikissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

## 2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskaflla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

## 3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

## 4. gr.

Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.

## 5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

#### BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

1. Hækkun sú á verði landbúnaðarafurða eftir verðlagsvísitölu samkvæmt lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 14. apríl 1943, sem ganga átti í gildi 15. sept. 1944, skal falla niður og verð landbúnaðarafurða á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar 1945 reiknast eftir vísitölu næsta tímabils á undan, sbr. þó 2. lið.
2. Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu- og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp.
3. Ríkisstjórnin leggur fram fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til þess að halda óbreyttu útsöluverði á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði til 15. sept. 1945. Fjárframlag ríkissjóðs í þessu skyni greiðist mánaðarlega eftir áætlun og að öðru leyti á sama hátt og verið hefur.
4. Fyrir sama tímabil og til er tekið í 3. tölulið skal ríkisstjórnin kosta kapps um, að verðlagsvísitalan fari ekki yfir 272 stig, enda skal ríkisstjórninni heimilt að verja í því skyni fé úr ríkissjóði, eftir því sem með þarf.
5. Ríkisstjórnin greiðir verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir á tímabilinu 15. sept. 1944 til jafnlengdar árið 1945, eftir því sem með þarf, til þess að framleiðendur fái verð fyrir þær samkvæmt 1. og 2. lið þessara laga. Ef vörur, sem framleiddar eru á framangreindu tímabili eða fyrr, eru eigi fluttar út á því ári, enda þótt þær séu tilbúnar til útflutnings, skulu þær verðbættar, þegar út eru fluttar, eins og gert mundi hafa verið á því ári, er þær voru framleiddar. Verðuppbæturnar greiðist útflytjendum, um leið og kaupendur borga vörurnar.
6. Bráðabirgðaákvæði þessi halda gildi sínu til 15. sept. 1945 þrátt fyrir ákvæði 3. málgr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*